



31.10.19-03.11.19
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS



31. október – 3. nóvember

MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 2019

Kæru Seltirningar

Um nokkurra ára skeið hefur Menningarhátíð Seltjarnarness verið haldin hér annað hvert ár með pompi og prakt. Um er að ræða fjögurra daga menningarveislu þar sem allt kapp er lagt á að bjóða íbúum og öðrum gestum sem sækja okkur heim upp á metnaðarfulla og fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þannig er það einnig nú þegar Menningarhátíð Seltjarnarness 2019 gengur í garð í öllu sínu veldi.

Eins og fyrir allar góðar veislur sem skal halda þá er undirbúningurinn mikið, krefjandi en skemmtilegt ferðalag. Skipulagning menningarhátíðar 2019 hefur nú staðið yfir í margar vikur og margir verið til kallaðir. Svo sannarlega hefur tekið tíma að púsla saman endanlegri dagskrá, tímasetningum og öllum praktískum atriðum svo allt megi nú ganga upp eins og best verður á kosið. Fyrir hverja veislu getur auðvitað verið stress á lokasprettinum en svo byrjar hún og þá er svo sannarlega mál mállanna að allir njóti sem best alls sem veislan hefur upp á að bjóða.

Á Menningarhátíð Seltjarnarness 2019 er lögð áhersla á að draga fram í dagsljósið afar fjölskrúðugt menningar- og mannlíf sem finna má innan okkar samfélags og við megum vera virkilega stolt af. Á hátíðinni verða að minnsta kosti 40 ólíkir viðburðir og sýningar víðsvegar um Seltjarnarnes þar sem nokkur hundruð einstaklingar bæði börn og fullorðnir, leggja sitt af mörkum auk þess sem nokkur fyrirtæki og listamenn bjóða heim.

Í dagskránni má finna gamalkunna og ómissandi viðburði eins og morgunverðarhlaðborð fyrir íbúa á Eiðistorgi og veglega heiðursdagskrá um þekktan rithöfund í Félagsheimilinu. Heiðursrithöfundur Menningarhátíðar 2019 er enginn annar en Þórarinn Eldjárn, ljóðskáld, rithöfundur og sagnaskáld. Fjöl margir nýir viðburðir og sýningar verða í boði og er gaman að segja frá því að sumt af þeim kemur beint úr ranni íbúa sem sjá einnig um framkvæmd þeirra. Í sumar var nefnilega sett í gang hugmyndasöfnun og valdi Menningarnefnd úr þeim hópi nokkrar skemmtilegar hugmyndir sem nú líta dagsins ljós.

Verið hjartanlega velkomin í menningarveisluna okkar allra hér á Seltjarnarnesi, nú er kominn tími til að upplifa, njóta og hafa gaman saman.

María Björk Óskarsdóttir,
sviðsstjóri menningarsviðs Seltjarnarnesbæjar.



FIMMTUDAGUR

Kl. 17

Setning Menningarhátíðar

Bókasafn Seltjarnarness

Opnun

Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarnefndar setur Menningarhátíð Seltjarnarness 2019. Veitingar í boði og allir velkomnir.

Tónlistaratriði

Bókasafn Seltjarnarness

Opnun

Lilja Hrund Stefánsdóttir leikur á flygilinn verkið Álfadans Op.12 No. 4 eftir Edvard Grieg.

NÝ SÝN – Málverk og grafík

Gallerí Gróttá

Sýningaropnun



Sýning á listaverkum **Kristínar Pálmadóttur myndlistarkonu** á Seltjarnarnesi. Á sýningunni gefur að líta verk þar sem listamaðurinn sameinar grafík og ljósmyndun og sýnir þróun í þeirri tækni. Margbreytileiki íslenskrar náttúru og magnaður kraftur jöklanna hefur verið aðal áhrifavaldurinn í myndlist Kristínar. Nú er framtíð þeirra og framtíð okkar í óvissu. Öll vonum við að ný sýn verði á sem bestan veg. *Sýningin stendur yfir frá 31. október til 23. nóvember.*

Útskornir leiðtogar

Bókasafn Seltjarnarness

Sýning



Sýning á styttnum úr safni **Seltirningsins Gunnlaugs A. Jónssonar**. Safn í eigu Gunnlaugs með nærri 100 tréstyttum af heimsþekktum persónum og nokkrum íslenskum einstaklingum hefur vakið mikla athygli. Styttarnar eru skornar út af einum færasta tréskurðarmeistara heims á þessu sviði, Svíanum Fritz Urban Gunnarsson sem jafnframt hefur staðfest að stærsta einkasafn í heimi sé í eigu Gunnlaugs. Drjúgur hluti þess verður nú í fyrsta sinn til sýnis á Bókasafni Seltjarnarness auk þess sem **Gunnlaugur verður til viðtals um styttnar** á sýningaropnuninni.



FIMMTUDAGUR

Ferill Þórarins Eldjárns rithöfundar

Bókasafn Seltjarnarness

Örsýning



Skopteikning eftir Pilkington

Stiklað á stóru um feril **Þórarins Eldjárns** með framsetningu rita og annars efnis í tilefni þess að Þórarinn er heiðursrithöfundur menningarhátíðarinnar. Hátíðardagskrá honum til heiðurs verður haldin í Félagsheimili Seltjarnarness sunnudaginn 3. nóvember kl. 15.

Listamenn leikskólans

Bókasafn Seltjarnarness

Sýning



Á **leikskólum Seltjarnarness** fer fram mikil sköpun alla daga og á menningarhátíðinni njótum við þess að fá að sjá verk eftir börn frá 3ja ára aldri sem eru tileinkuð jörðinni, eldfjöllum, norðurljósum, fjöllum og sjó. Unnið er með heita og kalda liti og þá staðreynd að jörðin er hnöttótt.

Hljómsveitin Konfekt

Bókasafn Seltjarnarness

Tónleikar



Hljómsveitin Konfekt stígur á stökk kl. 17.45 og leikur nokkur lög. Hún er skipuð Seltirningunum **Önnu Þorgeirsdóttur, Evu Kolbrúnu Kolbeins, Stefaníu Helgu Sigurðardóttur** og **Þóru Birgit Bernóðusdóttur** sem hafa getið sér gott orð í tónlistarlífinu. Konfekt varð í 2. sæti á Músíktílaunum 2019 og spila á Iceland Airwaves nú nóvember.



FIMMTUDAGUR – AÐRIR VIÐBURÐIR OG SÝNINGAR Á MENNINGARHÁTÍÐ

Kl. 9.30 –11.30 **Kynning fyrir 9. og 10. bekk** Innovation House, Kynning
Valhúsaskóla Eiðistorgi



Innovation House býður krökkum elstu bekkja Valhúsaskóla í heimsókn, kynnrir fyrir þeim starfseminu og býður upp á laktósafrían **Örnu ís**. Nokkrir frumkvöðlar munu svo segja frá sínu starfi.

Uppáhaldsstaðurinn minn Arna ís og kaffibar Sýning
á Seltjarnarnesi



Seltirningurinn **Inga Dóra Jóhannsdóttir** fékk 18 einstaklinga búsetta á Seltjarnarnesi til að taka ljósmynd af og segja frá uppáhaldsstaðnum sínum. Afraksturinn er sýndur á tveimur stórum plakötum á **Örnu ís og kaffibar**.

Myndlistarsýning Eiðistorgi Sýning
grunnskólabarna



Nemendur í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla gerðu eitt listaverk á mann þar sem þau fengu eitt viðfangsefni en um 4 þemu var að ræða; sjálfsmynd, húsið mitt, Gróttuviti og skólinn. Afraksturinn er sýndur á Eiðistorgi þar sem um **500 listaverk** verða sett upp.



FIMMTUDAGUR

Gæludýrið mitt

Á ljósastaurum á Lindarbraut Sýning



Oftar en ekki sjáum við auglýst eftir týndum gæludýrum á fésbókinni. Á menningarhátíðinni gefst íbúum tækifæri til að kynna gæludýrum bæjarins. Sýning er sett upp á ljósastaura á Lindarbrautinni og sameinar því hressandi útiveru og skemmtilegar upplýsingar um dýrin sem hér búa. Hugmyndina á gæludýraeigandi á Nesinu, **Inga Dóra Jóhannsdóttir** en hún annaðist jafnframt framkvæmd sýningarinnar.

Landslag, blandaðir miðlar, ýmsir höfundar: 2019

Reykjavík Lettering á Eiðistorgi, 2. hæð

Opin vinnustofa

„Landslag“

blandaðir miðlar
ýmsir höfundar: 2019

Þátttökuverk þar sem gestum Menningarhátíðar býðst að taka þátt í að mála landslagsmynd með því einu að skrifa nafnið sitt.

Svartar strokur (og sumar í öðrum litum líka)

Reykjavík Lettering á Eiðistorgi, 2. hæð

Sýning



Sýning á **kalligrafíuverkum Inga Vífils** og Reykjavík Lettering. Klassísk handverkshefð sveipuð poppmenningu og djörfum litum.



FIMMTUDAGUR

Kl. 19.30 **Halloweenball**
–22.30 **Valhúsaskóla og Selsins**

Selið

Ball



Nemendur í samstarfi við Selið standa fyrir Halloweenballi fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í tilefni af Hrekkjavökunni.

Kl. 21.30 **Stjörnuskoðun**
–22.30

Æfingaskýlið
á golfvellinum

Skoðun



Stjörnuskoðun með **Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness** sem býður gestum og gangandi í ferðalag um stjörnuhimininn. Farið verður yfir helstu stjörnumerki sem við sjáum á himninum frá Íslandi auk þess sem öllum gefst tækifæri á að kíkja í stjörnusjónauka.

ATH! Fyrirvari er settur um veðurskilyrði og verður dagsetningu hliðrað ef þörf krefur, tilkynning þess efnis verður þá sett inn á FB síðu Seltjarnarþæjar.





FÖSTUDAGUR

Sýningar sem eru opnar á mismunandi stöðum á Seltjarnarnesi

Sýningar

- **UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á SELTJARNARNESI** – Sýning á Örnú ís og kaffibar
- **GÆLUDÝRIÐ MITT** – Sýning á velvöldum ljósastaurum á Lindarbrautinni
- **NÝ SÝN – Málverk og grafík** – myndlistarsýning í Gallerí Gróttu
- **FERILL PÓRARINS ELDJÁRNS** – Örsýning á Bókasafni Seltjarnarness
- **ÚTSKORNIR LEIÐTOGAR** – Sýning á stytum úr safni Gunnlaugs á bókasafninu
- **LISTAMENN LEIKSKÓLANS** – Myndlistarsýning í barnadeild bókasafnsins
- **MYNDLISTARSÝNING GRUNNSKÓLABARNA** – 4 þemu og um 500 verk á Eiðistorgi
- **LANDSLAG** – Þáttökuverk, Reykjavík Lettering á Eiðistorgi , 2. hæð
- **SVARTAR STROKUR (og sumar í öðrum litum líka)** – Sýning Reykjavík Lettering á Eiðistorgi, 2. hæð



VIÐBURÐIR

Kl. 13

Félagsstarf eldri borgara

Skólabraut 3-5

Samsöngur



Syngjum saman – Samsöngur og kaffi í boði eldri bæjarbúa í salnum á Skólabraut.



FÖSTUDAGUR

Kl. 13.00 – 18.00

Ljósmyndun í 70 ár

Látraströnd 52

Sýning



Ljósmyndun í 70 ár - Ljósmyndasýning Valgeirs Gestssonar.

Valgeir ólst upp í hinu sögufræga húsi Odda við Nesveg. Um fermingu fékk hann ástríðu fyrir ljósmyndun, eignaðist sína fyrstu myndavél og hefur ljósmyndað í frítíma sínum allar götur síðan. **Valgeir opnar nú dyrnar að heimili sínu að Látraströnd 52** þar sem að hann hefur sett upp sýningu með völdum ljósmyndum frá mismunandi tíma á ferlinum.

Kl. 17.00 – 19.00

Myndlistarsýning

Nesstofa

Sýningaropnun



Guðrún Einarsdóttir myndlistarkona opnar í tilefni Menningarhátíðar Seltjarnarness sýningu á nýjum og eldri verkum sínum í Nesstofu ásamt verkum í vinnslu. Frábært tækifæri til að skoða bæði hið sögufræga hús, njóta myndlistar í einstöku umhverfi og spjalla við listakonuna sjálfa.

Sýningin verður opin frá kl. 13.00-17.00 dagana 2.-3., 8.-10. og 15.-17. nóvember.

Kl. 19.30

Wesendonck og perlur

Seltjarnarneskirkja

Tónleikar



Wesendonck og perlur úr óperuheiminum Þóra H. Passauer kontra-alt og Antonia Hevesi píanóleikari, flytja hinn undurfagra Wesendonck ljóðaflokk Richard Wagner við texta Matthilde Wesendonck og aríur sérstaklega skrifaðar fyrir kontra-alt auk annarra óperu/óperettu perlna.




LAUGARDAGUR

Sýningar sem eru opnar á mismunandi stöðum á Seltjarnarnesi

Sýningar

- **UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á SELTJARNARNESI** – Sýning á Örnú ís og kaffibar
- **GÆLUDÝRIÐ MITT** – Sýning á velvöldum ljósastaurum á Lindarbrautinni
- **NÝ SÝN – Málverk og grafík** – myndlistarsýning í Gallerí Gróttu
- **FERILL PÓRARINS ELDJÁRNS** – Örsýning á Bókasafni Seltjarnarness
- **ÚTSKORNIR LEIÐTOGAR** – Sýning á styttum úr safni Gunnlaugs á bókasafninu
- **LISTAMENN LEIKSKÓLANS** – Myndlistarsýning í barnadeild bókasafnsins
- **MYNDLISTARSÝNING GRUNNSKÓLABARNA** – 4 þemu og um 500 verk á Eiðistorgi
- **LANDSLAG** – Þáttökuverk, Reykjavík Lettering á Eiðistorgi , 2. hæð
- **SVARTAR STROKUR (og sumar í öðrum litum líka)** – Sýning Reykjavík Lettering á Eiðistorgi, 2. hæð



VIÐBURÐIR

Kl. 9.30 **Trimmklúbbur Seltjarnarness**

Sundlaug Seltjarnarness

Trimm



TKS býður bæjarbúum með sér í létt morguntrimm um Nesið sem byrjar við Sundlaugina, tekna verða teygjur á leikskólalóðinni eftir hlaup og svo trítlað í morgunkaffið á Eiðistorgi.



LAUGARDAGUR – AÐRIR VIÐBURÐIR OG SÝNINGAR Á MENNINGARHÁTÍÐ

Kl. 10.30 – 12.00

Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa

Eiðistorg



Seltjarnarnesbær, Björnsbakarí, Hagkaup og Veislan bjóða öllum bæjarbúum í girnilegt morgunverðarhlaðborð og góða samveru. **Systur úr Soroptimistafélagi Seltjarnarness** framreiða morgunverðinn. **Kári Húnfjörð, Guðmundur Brynjar Þórarinsson og Sverrir Arnar Hjaltason** leika létt lög fyrir gesti. **Gróttustelpur** sjá um andlitsmálningu og **Blaðrararnir** gefa börnum blöðrudýr.



Myndlistarsýning grunnskólabarna

Eiðistorg



Nemendur í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla gerðu eitt listaverk á mann þar sem þau fengu eitt viðfangsefni en um 4 þemu var að ræða; sjálfsmynd, húsið mitt, Gróttuviti og skólinn. Afraksturinn er sýndur á Eiðistorgi þar sem um **500 listaverk** verða sett upp.

Arna ís og kaffibar býður 2 fyrir 1 af kúluis á laugardeginum í tilefni af menningarhátíðinni.



Kl. 11.00 – 15.00

Bleik sýning – Handverk og hönnun

Eiðistorg



Sunneva Hafsteinsdóttir tekur á móti gestum menningarhátíðar í Handverk og hönnun. Sýningarmunir eru fjölbreyttir en eiga það allir sammerkt að vera bleikir. Óskað var eftir munum á sýninguna og var bleiki liturinn eina skilyrðið. Tuttugu og fjórir listamenn eiga verk á sýningunni.



LAUGARDAGUR

Kl. 10.00 – 16.00

Hrekkjavökuföndur

Bókasafn Seltjarnarness

Föndur



Hrekkjavökumyndir og föndur fyrir yngstu kynslóðina.

Allir sem eru í Hrekkjavökustemningu geta lítað hrekkjavökumyndir og klippt út leðurblöku.

Kl. 12.00 – 12.30

Ómar orðabelgur – Leiksýning fyrir börn

Bókasafnið



Leiksýning frá Þjóðleikhúsinu fyrir börn 4-8 ára.

Hann **Ómar orðabelgur** ferðast um heim orðanna og kynnist allskonar skrytnum orðum. Á bókasafninu býðst börnunum að slást í för með Ómari orðabelg í leit að uppruna orðanna. Hvaðan kemur til dæmis orðið fill? Afhverju segjum við fægiskófla? Er appelsína epli frá Kína?

Kl. 12.00 – 14.00

Sólskoðun Eiðistorg, utandyra

Við Eiðistorg



Komdu og kíktu á stjörnuna okkar!

Sólskoðun á vegum stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.





LAUGARDAGUR

Kl. 13.30 – 14.15

Eiðistorg syngur – Ljóð fyrir loftslagið

Eiðistorg



Fjölskylduvænn viðburður í samstarfi við hátíðina Ljóðadagar Óperudaga þar sem þemað er „Ljóð fyrir loftslagið“. **Kvennakórinn Katla** kemur fram og flutt verður **atriði úr Plastóperunni** eftir Gísla Jóhann Grétarsson. **Lesin verða upp ljóð** sem bárust í ljóðakeppni grunnskólanema á Ljóðadögum m.a. frá börnum á Seltjarnarnesi. Auk þess sem gestum og gangandi býðst að taka þátt í fjöldasöng á Eiðistorgi.

Enn fremur verður sett upp sýning á vel völdum ljóðum á Eiðistorgi.

Kl. 13.00 – 17.00

Myndlistarsýning

Nesstofa

Sýning



Myndlistarkonan og Seltirningurinn Guðrún Einarsdóttir sýnir ný og eldri verk í Nesstofu ásamt verkum í vinnslu í tilefni Menningarhátíðar Seltjarnarness. Frábært tækifæri til að skoða bæði hið sögufræga hús, njóta myndlistar í einstöku umhverfi og spjalla við listakonuna sjálfa.

Sýningin verður einnig opin 8.-10. og 15.-17. nóvember frá kl. 13.00 -17.00.

Kl. 13.00 – 18.00

Ljósmyndun í 70 ár

Látraströnd 52

Sýning



Ljósmyndun í 70 ár - Ljósmyndasýning Valgeirs Gestssonar. Valgeir ólst upp í hinu sögufræga húsi Odda við Nesveg. Um fermingu fékk hann ástríðu fyrir ljósmyndun, eignaðist sína fyrstu myndavél og hefur ljósmyndað í frítíma sínum allar götur síðan. **Valgeir opnar nú dyrnar að heimili sínu að Látraströnd 52** þar sem að hann hefur sett upp sýningu með völdum ljósmyndum frá mismunandi tíma á ferlinum.



LAUGARDAGUR

Kl. 13.00 – 17.00

Lyfjafræðisafnið í Nesi

Sýning og fyrirlestrar



Í Lyfjafræðisafninu er hægt að sjá sýnishorn af **apóteksinnréttingum**, sem eru frá fyrstu tugum seinustu aldar og einnig eru þar til sýnis **tæki** sem notuð hafa verið **til lyfjagerðar** öldum saman. **Lyfjafræðingar verða á staðnum** og veita upplýsingar.



Kl. 14 - 16 býður stjórn Urtagarðsins upp á **örfyrirlestra á 30 mínútna fresti**; Urtagarðurinn í Nesi, plöntusafn í sögulegu samhengi, Kartöfluræktun á Íslandi rædd og fjölbreytt yrki verða til sýnis.

Aðgangur ókeypis!

Kl. 21.00 – 01.00

Salsaball Salsa Iceland

Félagsheimili Seltjarnarness



Salsa Iceland heldur sjóðheitt Salsaball í Félagsheimilinu og býður öllum áhugasömum byrjendum upp á **ókeypis prufutíma frá kl. 20-21**. Eftir það dönsum við hóflega hratt um gleðinnar dyr til kl. 01:00. Í salsaheiminum er hefð fyrir því að allir dansi við alla og það þarf ekki að hafa féлага til að taka þátt. Salsakvöld Salsa Iceland eru rómuð fyrir opið og skemmtilegt andrúmsloft þar sem vel er tekið á móti byrjendum en flestir nemendur Salsa Iceland slást í för án féлага eða nokkurrar danskunnáttu.

Aðgangseyrir á sjálft danskvöldið er 1000 kr, en þátttakendur í prufutímanum fyrir byrjendur fá fría kennslu og danskvöld. Allir velkomnir!





SUNNUDAGUR

Sýningar sem eru opnar á mismunandi stöðum á Seltjarnarnesi

Sýningar

- **UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á SELTJARNARNESI** – Sýning á Örnunni ís og kaffibar
- **GÆLUDÝRIÐ MITT** – Sýning á velvöldum ljósastaurum á Lindarbrautinni
- **MYNDLISTARSÝNING GRUNNSKÓLABARNA** – 4 þemu og um 500 verk á Eiðistorgi



VIÐBURÐIR

Kl. 10.00

Fræðslumorgunn

Seltjarnarneskirkja

Fræðslumorgunn á neðri hæð kirkjunnar

Þú hefur gengið of langt – frásaga af Jakobsvegi, **Eggert Benedikt Guðmundsson** forstöðumaður Grænvangs talar.

Kl. 11.00

Menningarmessa

Seltjarnarneskirkja

Messa

Menningarmessa þar sem að **Sr. Bjarni Þór Bjarnason** sóknarprestur þjónar og **Guðrún Jónsdóttir**, formaður menningarnefndar flytur ávarp. **Hilmar Örn Agnarsson** stjórnandi Söngfjellagsins verður organisti og **Guðný Guðmundsdóttir** leikur einleik á fiðlu. **Sveinn Bjarki** og leiðtogar sjá um sunnudagaskóla og eftir messu verður boðið upp á **kaffiveitingar** í safnaðarheimilinu.





SUNNUDAGUR

Kl. 12.30 – 13.30

Stríðsminjaganga á Seltjarnarnesi

Valhúsað



Friðþór Eydal, fv. upplýsingafulltrúi Varnarliðsins og höfundur bóka um stríðsárin Íslandi, leiðir hóp og fræðir í skemmtilegri göngu þar sem stríðsminjar á Seltjarnarnesi verða skoðaðar og rætt um hernaðarviðbúnaðinn á Seltjarnarnesi á stríðsárunum. Gangan hefst á Valhúsað og endar í Nesstofu. Allir velkomnir!

Kl. 13.00 – 18.00

Ljósmyndun í 70 ár

Látraströnd 52

Sýning



Ljósmyndun í 70 ár - Ljósmyndasýning Valgeirs Gestssonar. Valgeir ólst upp í hinu sögufræga húsi Odda við Nesveg. Um fermingu fékk hann ástríðu fyrir ljósmyndun, eignaðist sína fyrstu myndavél og hefur ljósmyndað í frítíma sínum allar götur síðan. **Valgeir opnar nú dyrnar að heimili sínu að Látraströnd 52** þar sem að hann hefur sett upp sýningu með völdum ljósmyndum frá mismunandi tíma á ferlinum.



SUNNUDAGUR

Kl. 13.00 – 17.00

Myndlistarsýning

Nesstofa

Sýning



Myndlistarkonan og Seltirningurinn Guðrún Einarsdóttir sýnir ný og eldri verk í Nesstofu ásamt verkum í vinnslu í tilefni Menningarhátíðar Seltjarnarness. Frábært tækifæri til að skoða bæði hið sögufræga hús, njóta myndlistar í einstöku umhverfi og spjalla við listakonuna sjálfa.

Sýningin verður einnig opin 8.-10. og 15.-17. nóvember frá kl. 13.00 -17.00.

Kl. 13.00 – 17.00

Lyfjafræðisafnið í Nesi

Sýning



Í Lyfjafræðisafninu er hægt að sjá sýnishorn af **apóteksinnréttum**, sem eru frá fyrstu tugum seinustu aldar og einnig eru þar til sýnis **tæki** sem notuð hafa verið **til lyfjagerðar** öldum saman. **Lyfjafræðingar verða á staðnum** og veita upplýsingar. Aðgangur ókeypis!



SUNNUDAGUR

Kl. 15.00 – 17.00

Heiðursdagskrá um Pórarin Eldjárn rithöfund

Félagsheimili
Seltjarnarness



Heiðursdagskrá um Pórarin Eldjárn, ljóðskáld, rithöfund og sagnaskáld.

Pórarinn er þekktur fyrir kímniáfu í ljóðum sínum og ritum og hann þekktur bæði börn og fullorðnir. Hér stíga fram þjóðþekktir vinir, kunningjar, fjölskyldumeðlimir og kollegar og varpa ljósi á þennan orðsnilling og húmorista sem hefur sérstakt lag á að leika sér með tungumálið okkar.

Stjórnandi: Ari Eldjárn

Fram koma:

- **Pétur Gunnarsson** – Sagnaskáldið Pórarinn
- **Kristján Þórður Hrafnsson** – Ljóðskáldið Pórarinn
- **Sigurður Árnason** – Vinurinn Pórarinn
- **Sigrún Eldjárn** – Samvinna, ljóð, sköpun
- **Bára Grímsdóttir** – Kveður rímur eftir Pórarinn
- **Steinunn Sigurðardóttir** – Þýðandinn Pórarinn
- **Pórarinn Eldjárn heiðursrithöfundur** – Ávarp





SUNNUDAGUR

Tónlistartriði:

Unnur Sara Eldjárn, Daníel Helgason og Halldór Eldjárn leika og syngja valin lög eftir Þórarin Eldjárn auk þess sem Halldór og Daníel leika instrumental lög fyrir athöfnina eða frá kl. 14.45-15.

María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri menningar- og samskiptamála Seltjarnarnesbæjar ávarpar og slítur menningaráhátíð Seltjarnarness 2019.



Ljósmynd: Sigga Ella



Skopteikning eftir Pilkington





SELTJARNARNESBÆR

Allar upplýsingar um dagskrá Menningarhátíðar Seltjarnarness má finna á www.seltjarnarnes.is og á fésbókarsíðu Seltjarnarnesbæjar.

Opnunartímar



Bókasafn Seltjarnarness og Gallerí Gróttta

Fimmtudagur 31. október: kl. 10-19

Föstudagur 1. nóvember: kl. 10-17

Laugardagur 2. nóvember: kl. 10-16

Bestu þakkir



Tilboð í tilefni af Menningarhátíðinni:

- **Arna ís og kaffibar** býður 2 fyrir 1 af ískúlum laugardaginn 2. nóvember.
- **Rauða Ljónið** býður fjölskyldutilboð alla hátíðina þ.e. eingöngu greitt fyrir fullorðna ef fjölskyldan borðar saman, börnin borða frítt.